



AST (AUSTFIRZKAR STÖÐSTOFNANIR) Fundur nr. 6.

Fundur var haldinn í vinnuhópi um verkefnið Austfirzkar stöðstofnanir þriðjud. 13. sept. 2011. Hófst kl. 16:15:.. Fundarstaður: Húsnæði ÞNA í Vonarlandi..

Mætt: Páll Björgvin Guðmundsson (í símasambandi), Björn Ingimarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Guðrún Á Jónsdóttir (nýr fulltrúi ÞNA í vinnuh.) og Þorvaldur Jóhannsson, form. stjórnar ÞNA. Signý Ormarsdóttir, Auður Anna Ingólfssdóttir og Hafliði H. Hafliðason voru fjarverandi.

Fundarefni:

1. Tekinn púls á stöðunni að afloknum kynningum. Flutt var stutt greinargerð frá fltr. AST í kynningarferli, en þátt í því tóku: Skúli Björn Gunnarsson (4), Arnbjörg Sveinsdóttir (4), Stefania G. Kristinsdóttir (3), Valdimar O. Hermannsson (3), Björn Ingimarsson (2), Páll Björgvin Guðmundsson (1), Stefán Bogi Sveinsson (1) og Björn Hafþór Guðmundsson (6). Fundað var sérstaklega með hverri sveitarstjórn á starfssvæði SSA fyrir sig, nema á Djúpavogi, en á þann fund mættu fulltrúar Breiðdalshrepps að eigin ósk.
Fram kom að mæting á fundina var yfirleitt góð og að svo miklu leyti sem menn tjáðu sig þar, var ekki annað að heyra að ánægja væri með afrakstur vinnu þeirrar, sem fram kemur í skýrslunni. Að öðru leyti liggur fyrir að aðalfundur SSA mun skera úr um framhaldið, hvað varðar aðkomu samstarfsvettvangs sveitarstjórna að frekari vinnu.
2. Ákv. með framhaldið t.d. fram að aðalfundi SSA 31. sept. og 1. okt. BHG gat um væntanl. kynningar í ráðuneytum syðra, þ.e. í innanríkisráðuneyti, ráðuneyti mennta- og menningarmála og eftir atvikum fjármálaráðuneyti. Áður hefur farið fram kynning hjá iðnaðarráðherra o.fl., með hluta af þingm. Austurlands (stutt), fulltr. Samb. ísl. sveitarfélaga og utanríkisráðuneytinu (hér eystra), auk kynninga fyrir sveitarstjórnir og ennfr. á aðalfundum ÞNA og ÞFA s.l. vor. Lögð var áherzla á að skipuleggja vel komandi kynningar í ráðuneytinum og kalla m.a. eftir skýrum svörum við því, hvort þetta frumkvæði Austfirðinga myndi ekki verða til þess að tryggja til frambúðar a.m.k. jafn mikið fjármagn til hinnar nýju stofnunar / starfsemi og nú væri til einstakra verkefna.
Undir þessum lið var einnig rætt um kynningu á aðalfundi SSA í lok þessa mánaðar. Kom fram fullur stuðningur við áform um að Skúli Björn annaðist kynninguna, en jafnframt munu aðrir fulltrúar í vinnuhópnum eiga þess kost að koma með áherzlu sínar, áður en alm. umr. hefjast.
Voru fundarmenn sammála um að tímann fram að aðalfundi ætti að nota til að „spýta í lófana“ og að jafnframt væri tímabært að snúa vinnu við hugmyndafræða yfir í skýran undirbúning við útfærslu á formi hinnar nýju starfsemi. Því var BHG falið að kalla til frekari undirbúningsvinnu forsvarsmenn allra viðkomandi stofnana með það að markmiði að þoka málinu sem mest áfram, þó þannig að haft væri í huga að hin formlega ákv. hefur ekki enn verið tekin. Í þessu sambandi var því talið mikilvægt að hafinn yrði undirbúningur að framhaldsferlinu hjá öðrum stofnunum og t.d. boðað til aukaaðalfunda hjá þeim í beinu framhaldi af aðalfundi SSA í trausti þess að hann myndi veita verkefninu brautargengi.
Bent var á að innra starf t.d. hvað varðaði starfsmannamál væri nánast á byrjunarreit og þar væri eðlilega til staðar ákveðið flækjustig.
3. Rædd áform um tímabundna ráðningu verkefnisstjóra. Voru ákveðin nöfn nefnd í þessu sambandi, en eðlilega engin ákv. tekin, að öðru leyti en því að hugað verði að „kandidötum“ í starfið og undirbúin tímabundin ráðning, án auglýsingar.
4. Fjármögnun verksins til þessa og í framhaldinu. Fyrir liggur ósk frá ÞNA um greiðslu v/ vinnu SGK við verkefnið. ÞJ ítrekaði að finna yrði lausn á málinu, en óljóst var í byrjun hvort

og þá hvernig greiða ætti vinnuframlag og m.a. hafa menn verið þeirrar skoðunar að hver stofnun ætti að sjá um sinn fulltrúa. Málið þróaðist hins vegar þannig að SGK og SBG unnu mest í skýrslugerðinni og hefur DNA því eins og áður greinir farið fram á greiðslu. SSA hefur gert ráð fyrir fjármagni til að þoka verkefninu áfram og m.a. reikna talsmenn SSA með því að taka fullan þátt í kostnaði við verkefnisstjóra.

Voru fundarmenn sammála um að finna yrði lausn á málinu og greiða sanngjarna upphæð til þeirra, sem sýna fram á vinnuframlag umfram það sem sanngjarnt getur talist að hver og einn þátttakenda í verkefninu leggi til sjálfur. Virðist þar eingöngu um að ræða framangreinda ósk DNA.

5. Önnur mál

- a) PBG lagð þunga áherzlu á að tryggt yrði að opinbert fjármagn yrði tryggt inn í verkefnið og taldi það lykilatrið til að leggja fram trúverðug meðmæli með því að málsaðilar samþykktu að koma að því. Aðrir tóku í sama streng.
- b) BHG falið að setja í gang vinnu við að ganga frá umsókn um innleiðingarfjármagn á grundvelli svonefndra PILOT verkefna, sbr. ábendingar m.a. iðnaðarráðherra þar um.
- c) Erindi frá Stefáníu G. Kristinsdóttur að fá að vinna sem tilraunaverkefni í svonefndu Markviss“ námi með ákveðna þætti í AST. Ekki má rukka fyrir vinnu nemenda í slíkum verkefnum, heldur berum nemendur eða þær stofnanir sem þeir vinna hjá allan kostnað af vinnu þeirra. SGK áformar að framkvæma viðhorfskönnun og/eða vinna starfagreiningu innan stofnananna. Mikilvægt er í upphafi að skipa stýrihóp starfsmanna og stjórnenda sem heldur utan um vinnuna og ákveður hvað er mikilvægast að skoða. Hún þarf að skila inn áætlun um verkefnið í næsta mánuði og helst að komast vel áfram með það fyrir lok október, veiti AST hópurinn heimild til þess.

Tekið var mjög jákvætt í erindið og SGK veitt heimild til að vera sambandi við framkvæmdaráð AST vegna myndunar á stýrihópi, en í honum þarf að vera fulltrúi allra viðkomandi stofnana og helst bæði stjórnendur og almennir starfsmenn .

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:30.

Björn Hafþór Guðmundsson (fundarritari)